

þykkur, að heimilisfang þeirra yrði skráð þar, og tilkynnt þetta manntalsskrifstofunni í Vestmannaeyjum.

Á því leikur ekki vafi, að sækjandi fullnægir öllum kosningar- réttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar og á rétt til að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns. Hitt er ágreiningur um, hvar hann skuli neyta atkvæðisréttar síns, og fer það eftir því, hvar heimilisfang hans skuli talið. Sækjandi átti heimilisfang í Vestmannaeyjum, er hann fluttist á Vífilsstaða- hélið, og heimilisfesti hans rofnaði ekki við flutning þangað né dvöl hans þar, enda hefur hann jafnan óskað eftir, að lögheimili sitt yrði talið hér. Hins vegar hefur kona hans og börn dvalið í mörg ár í Reykjavík og búa þar nú í íbúð, sem sækjandi er eig- andi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilis- fang sitt annars staðar. Verður því ekki fallt á, að þau hjón eigi nú heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar, er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda málsins ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Árni Guðmundsson, skal ekki tekinn á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 89/1956. **Ása Torfadóttir** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vest- mannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1956 og krafizt þess, að henni verði dæmdur réttur til þess að verða skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum við alþingiskosningar 24. júní 1956 og henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur í febrúar 1950 ásamt börnum sínum og hefur búið þar frá þeim tíma. Á hún því eigi lögheimili í Vestmannaeyjum. Samkvæmt þessu verða kröfur hennar í málinu eigi teknar til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 15. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis. Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ásu Torfadóttur, í máli þessu.

Hvor aðili ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. júní 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, hinn 11. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Árna Guðmundssyni kennara f. h. konu sinnar, Ásu Torfadóttur, gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja, og gerir sækjandi þær kröfur, að með dómi verði viðurkenndur réttur hennar til þess að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyja var mætt í málinu og þær kröfur gerðar, að viðurkennt yrði með dómi, að sækjandi ætti ekki rétt til að vera á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Sækjandi, Ása Torfadóttir, er fædd 1. október 1917 og uppalin í Vestmannaeyjum. Hún giftist fyrir mörgum árum Árna Guðmundssyni, kennara frá Háeyri í Vestmannaeyjum. Haustið 1947 veiktist maður hennar af berklum og fluttist á Vífilsstaðahæli og hefur verið þar sjúklingur síðan. Er maður hennar veiktist, bjuggu þau hjónin á Faxastíg 13, hér, ásamt börnum sínum. Nokkru síðar fluttist hún með börn sín á heimili föður síns á

Faxastíg 17, hér. Í febrúar 1950 fluttist hún til Reykjavíkur til þess að vera nær manni sínum og geta aðstoðað hann í veikindum hans. Dvaldi hún á ýmsum stöðum í Reykjavík með börnum sínum og vann eitthvað úti öðru hverju. Á árinu 1954, að því er virðist, festi maður hennar kaup á íbúð í húsinu Miklubraut 78 í Reykjavík. Fluttist hún þar inn og býr þar nú með börnum þeirra hjóna. Að sögn manns hennar, taldi hann jafnan á manntali og skattaframtölum, að lögheimili þeirra hjóna væri í Vestmannaeyjum og á Faxastíg 17, eftir að hún fluttist til Reykjavíkur. Taldi manntalsskrifstofan þar þau einnig heimilisföst hér um skeið, og við síðustu alþingiskosningar, kosningarnar 1953, voru þau bæði á kjörskrá hér í Vestmannaeyjum. Á árinu 1955 seldi faðir hennar húseign sína, Faxastíg 17, og fluttist burt úr Vestmannaeyjum, og nýtt fólk, þeim hjónum óviðkomandi, fluttist inn í húsið. Þrátt fyrir þetta tilkynnti sækjandi ekki breytingar á heimilisfangi sínu í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði frá Hagstofunni eru bæði hjónin í þjóðskrá skráð til heimilis á Miklubraut 78 í Reykjavík, og samkvæmt gögnum, sem sýnd voru við flutning málsins, taldi Hagstofan þau burtflutt ásamt börnum sínum úr Vestmannaeyjum til Reykjavíkur á árinu 1955. Að sögn sækjanda voru þessar skráningar Hagstofunnar ekki byggðar á tilkynningum, sem frá þeim hjónum voru runnar. Þrátt fyrir umrædda skráningu í þjóðskrá tók manntalsskrifstofan í Reykjavík þau hjónin ekki á kjörskrá í Reykjavík, og að því að talið er, vegna þess að engin flutningstilkynning hafði borizt frá þeim. Þau hjónin voru ekki heldur tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum, og eins og nú standa sakir, eru þau hvergi á kjörskrá. Fóru þau hjónin því fram á, að þau yrðu tekin inn á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en bæjarstjórn synjaði þeirri beiðni á fundi hinn 7. þ. m., og féllu atkvæði þannig, að 2 bæjarfulltrúar voru með beiðninni, en 4 á móti. Sækjandi hefur ekki viljað una þessum málalokum og hefur því höfðað mál þetta. Jafnframt hefur hún óskað eftir, eða maður hennar fyrir hönd þeirra hjóna, að heimilisfang þeirra verði talið á Vesturveg 11 eða Háeyri, hér, hjá föður manns hennar, og hefur faðirinn lýst því yfir skriflega, að hann væri því samþykkur, að heimilisfang þeirra yrði skráð þar, og tilkynnt þetta manntalsskrifstofunni í Vestmannaeyjum.

Á því leikur ekki vafi, að sækjandi fullnægir öllum kosningaréttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar og á rétt til að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns. Hitt er ágreiningur um, hvar hún skuli neyta atkvæðisréttarins, og fer það eftir

því, hvar heimilisfang hennar skuli talið. Eins og fyrr segir, hefur hún nú um mörg ár dvalið í Reykjavík með börnum þeirra hjóna og býr nú þar í íbúð, sem maður hennar er eigandi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilisfang sitt annars staðar. Verður því ekki fallizt á, að þau hjónin eigi heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar, er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Ása Torfadóttir, skal ekki tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 157/1955. **Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Ólafi Baldvinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1955. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki sótt þing í Hæstarétti og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur ekki fært á það sönnur, að stefndi hafi haft heimilisfang í Siglufjarðarkaupstað á þeim tíma, er hér